

# HVERNIG GET ÉG HVATT BARNIÐ MITT TIL AÐ LESA?

Það er mikilvægt að rýna í af hverju barnið vill ekki lesa. Getur verið að barnið sé með lestrarvanda, getur það verið vegna áhugaleysis, eru bækurnar leiðinlegar, of fá tækifæri til að grípa í bók eða getur verið að sjónin sé að valda lestrarleiðindum?

## VERIÐ ÁVALLT VIÐBÚIN

Það getur hjálpað að hafa alltaf lesefni til taks.

*Það er gott að geta gripið í bók í bílnum eða á veitingastað á meðan beðið er eftir matnum - svo er gott að grípa í lesefni á klósettinu.*

## ÁHUGALEYSI?

Leyfið barninu að ráða hvaða bækur það vill lesa.

*Það er gott að fara á bókasafn og velja nokkrar gerðir af bókum til að sjá hvers konar bækur barnið hefur gaman af.*

## TILGANGSLAUST?

Leggið áherslu á að barnið er að lesa fyrir sjálft sig, ekki fyrir foreldri eða kennara.

## LESTRARFYRIRMYND

Barnið þarf góða lestrarfyrirmynd.

Foreldrar þurfa að vera duglegir að lesa með barninu, fyrir barnið og fyrir framan barnið.

## ÞEMA

Hafið þemadaga þar sem þið tengið efni bókarinnar við daglegt líf, t.d. matur eða föt í anda bókarinnar

## HÖFUNDUR/BÓKASERÍUR

Ef barnið hefur gaman af einhverri bók, þá er tilvalið að finna aðrar bækur eftir sama höfund eða bækur í sömu bókaseríu.

## FYLGIR EKKI SÖGUÞRÆÐI

Veljið bók og kvikmynd! Horfið fyrst á myndina og lesið svo bókina. Það hjálpar barninu að ná söguþræðinum í bókinni.

## SJÓNIN

Ef barnið kvartar um augnverk/höfuðverk á meðan það les, þá er gott að láta kíkjja á sjón barnsins.

## LESTRARVANDI?

Ef barnið erfiðar við lesturinn, þrátt fyrir markvissa þjálfun - þá gæti verið möguleiki að barnið sé með dyslexíu eða annan lestrarvanda